

Nr. 16/1897: Friðrik Gíslason, Ólafur Þórðarson og Samúel Guðmundsson
 gegn
 amtmanninum yfir Suðuramtinu
 og Vesturamtinu fyrir hönd
 landssjóðsins.

D ó m u r :

Sækjendur máls þessa ljósmyndari Friðrik Gíslason í Reykjavík og járnsmiðirnir Ólafur Þórðarson og Samúel Guðmundsson samastaðar hafa höfðað mál þetta fyrir yfirdómi samkvæmt 3. gr. laga nr. 28, 26. okt. 1893, til skaðabóta úr landssjóði fyrir að hafa verið haldið í gæzluvarðhaldi að ósekju frá 25. nóvbr. til 10. desbr. f. á. sakir grunsemdar um að hafa verið valdir að bruna þilskipsins »Neptunus«, er brann aðfaranótt hins 21. nóvbr. f. á. hjá Gufunesi, þar sem því var lagt upp til aðgjörðar og vetrargeymslu, en 10. desbr. f. á. var þeim sleppt úr varðhaldinu og rannsókn gegn þeim látin niður falla án sakamálshöfðunar. Hinn 25. nóvbr. f. á. var rannsókn hafin út af nefndum skipsbruna eptir áskorun frá umboðsmanni vátryggingarfjelags þess, er fyrnefnt skip var tryggt í gegn eldsvöða, og voru þá sækjendurnir kallaðir fyrir lögreglurjett Reykjavíkur og yfirheyrðir um atvik að brunanum, og úrskurðaði þá lögregludómarinn, jafnóðum og hver þeirra fyrir sig hafði gefið skýrslu í málinu, með sjerstökum úrskurði, er snerti þann, er þá var yfirheyrður,

einan og sem miðaður var við framkomu hans sjerstaklega og afstöðu í málinu, að hann skyldi settur í gæzluvarðhald. Þar sem þannig kærufnið af hendi sækjendanna eigi er sameiginlegt að öðru en því, að gæzluvarðhald var úrskurðað á þá við rannsókn hins sama atburðar, þá er það eigi lögum samkvæmt, sbr. kgsbr. 3. jan. 1755, að þeir sæki mál þetta gegn landssjóði í sameiningu, eins og þeir hafa gjört, og ber því að vísa máli þessu ex officio frá yfirdóminum. Málskostnaður á að falla niður og málfutningslaun hins skipaða talsmanns stefnda, er ákveðast 10 kr., greiðist úr landssjóði.

Málið hefur samkvæmt áður nefndum lögum 26. okt. 1893 verið flutt með gjafsókn frá báðum hliðum, og vottast að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður fellur niður og málfutningskaup hins skipaða talsmanns stefnda cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur, ber að greiða úr landssjóði.